

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 14. september 2020  
UST202003-033/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar**

Þann 5. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og fimm frávik komu fram er varða:**

1. d. – og e. lið 9. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Óheimilt er að urða hjólbarða hvort sem um er að ræða heila eða kurlaða. Þetta á þó ekki við um hjólbarða sem notaðir eru sem byggingar- og stoðefni á urðunarstað né reiðhjóladekk og hjólbarða með stærra þvermál en 1,4 m. Óheimilt er að urða brotajárn. Við eftirlit mátti sjá haug af hjólbörðum og eithvað af brotajárn sem til stóð að urða.
2. 4. mgr. gr. 2.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur.
3. 2. mgr. gr. 3.2 í starfsleyfi. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum urðunarstaðarins skal hafnað. Á urðunarstaðnum voru úrgangsefni, s.s. hjólbarðar og brotajárn sem til stóð að urða en slíkt er ekki heimilt.
4. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður er í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið að lágmarki vera 15 cm þykkt. Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og stærð vinnsluflatar haldið í lágmarki hverju sinni. Frágangur, þekjulag, skipulag og stærð vinnsluflatar voru ekki í samræmi við kröfur starfsleyfisins.
5. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum fyrir árið 2019.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. október, 2020.**

Virðingarfallst

  
Sigríður Magnúsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

  
Gottskálk Friðgeirsson

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunesi



Dags eftirlits	5.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Íris Dögg Aradóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Marinó Stefánsson	Staðsetning	741265,622 507688,102

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram fimm frávik er varða urðun hjólbarða og brotajárn, umgengni, móttöku úrgangs sem ekki samræmist móttökusikilyrðum, daglegan frágang og skipulag og skil á skráningum. Þá er opið eitt frávik er varðar verklag við frágang. Tvær ábendingar eru gerðar er varða móttöku úrgangs og skyldur rekstraraðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstaða Fjarðabyggðar í Þernunesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Starfshættir og umhverfismarkmið (gr. 2.1)
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
4. Áhættumat og viðbragðsáætlun (gr. 2.4)
5. Skráningar og mælingar (gr. 4.1, 4.2 og 4.4)
6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraðja
8. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Rætt var um umfang starfseminnar, en á urðunarstaðnum er tekið á móti úrgangi úr Fjarðabyggð og er heimilt að urða þar allt að 3000 tonn á ári. Árð 2019 voru urðuð 2.093 tonn af úrgangi. Heimilt er að urða allan úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá er óheimilt að urða fijótandi úrgang, sóttmengaðan úrgang, hjólbarða, brotajárn, ökutæki og annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Við eftirlit mátti finna brotajárn og hjólbarða sem til stóð að urða.

Farið var yfir starfshætti og umhverfismarkmið en skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili beita góðum starfsreglum við reksturinn, draga úr umhverfisáhrifum og leggja fram umhverfismarkmið. Umhverfismarkmið lágu fyrir við útgáfu starfsleyfis 6. febrúar 2020. Í 3. mgr. gr. 2.1 í starfsleyfinu kemur fram að fara skuli með allan úrgang við meðhöndlun þannig að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun vegna foks frá urðunarstaðnum sem bendir til að verklagi við móttöku úrgangs sé ábótant.

Verktaki sér um urðunarstaðinn. Girðing er umhverfis urðunarstaðinn og var hún í lagi við eftirlit, hlið var opið en verið var að vinna á staðnum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er ekki tekið sérstakt tillit til vindafars við móttöku og meðhöndlun á fokgjörnum úrgangi.

Rætt var um áhættumat og viðbragðsáætlanir og lágu þau fyrir við útgáfu starfsleyfis.

Rekstraraðili skal skila inn niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert skv. núverandi starfsleyfi, sbr. gr. 4.4. Skráningar fyrir árið 2019 hafa ekki borist.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Niðurstöður áhættumats ársins 2019 fyrir urðunarstaðinn í Þernunesi er að hann fellur í eftirlitsflokk A og fær þ.a.l. tvö eftirlit á ári. Áhættumatið er endurskoðað árlega.

Kynnt var stuttlega reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. rg. nr. 674/2017. Einnig voru kynnt drög að verklagsreglum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar vegna reglugerðarinnar.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Umgengni á urðunarstaðnum er afar slæm og lítið skipulag á úrgangi og urðunarreinum. Þar má finna úrgang sem ekki er heimilt að urða s.s. dekk og brotajárn sem fara á með í

endurvinnslu. Frágangur yfirlags er ekki í lagi og ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Mikið er af óbirgðum úrgangi, einnig eru notið net sem yfirborðslag en slíkt er ekki í samræmi við starfsleyfi. Við eftirlit var óljóst hvernig skipulagi á urðunarstaðnum ætti að vera háttáð. Nokkuð af veiðafæraúrgangi var á urðunarstaðnum en Umhverfisstofnun bendir á að skv. samningi milli Úrvinnslusjóðs og SFS á veiðarfæraúrgangur að fara í endurvinnslu.

Í eftirliti 2019 komu fram þrjú frávik er varða starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis, frágang þekjulags og urðun spilliefna. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa og var hún samþykkt 30. janúar sl. Frávik er varða starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis og urðun spilliefna telst lokið. Frávik er varðar frágang urðunarreina helst opið þar sem úrbætur hafa ekki verið gerðar.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

d. - og e. lið 9. gr. reglugerðar nr. 738/2003 Óheimilt er að urða hjólbærða hvort sem um er að ræða heila eða kurlaða. Þetta á þó ekki við um hjólbærða sem notaðir eru sem byggingar- og stoðefni á urðunarstaði né reiðhjóladekk og hjólbærða með stærra þvermál en 1,4 m. Óheimilt er að urða brotajárn. Við eftirlit mátti sjá haug af hjólbörðum og eitthvað af brotajárn sem til stóð að urða.

4. mgr. gr. 2.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur.

2. mgr. gr. 3.2 í starfsleyfi

Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum urðunarstaðarins skal hafnað. Á urðunarstaðnum voru úrgangsefni, s.s. hjólbærðar og brotajárn sem til stóð að urða en slíkt er ekki heimilt.

gr. 3.10 í starfsleyfi

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið að lágmarki vera 15 cm þykkt. Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og stærð vinnsluflatar haldið í lágmarki hverju sinni. Frágangur, þekjulag, skipulag og stærð vinnsluflatar voru ekki í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum fyrir árið 2019.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að koma sér upp viðmiði um vindstyrk og vindátt við móttöku og meðhöndlun fokgjarnra úrgangsefna.

Rekstraraðila er bent á að þrátt fyrir að verktaki annist urðun á staðnum þá er það á ábyrgð rekstraraðila að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Reykjavík, 08.09.2020



Sigríður Magnúsdóttir

bis. 4

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.